

MÁR VIÐAR MÁSSON TÓK SAMAN

ARNGRÍMUR GÍSLASON MÁLARI

ARNGRÍMUR MÁLAÐI ALTARISTÖFLU **ÞVERÁRKIRKJU** Í LAXÁRDAL Í SUÐUR ÞINGEYJARSÝSLU (1879). MÁLARINN VAR KIRKJUNNI EKKI ÓKUNNUR, EINS OG NÚ VERÐUR FRÁ GREINT – MEÐ NOKKRUM FRÆÐSLUMOLUM. **ÞVERÁ OG ÞVERÆINGAR** KOMA MIKIÐ VIÐ SÖGU.

Arngrímur fæddist í Skörðum í Reykjahverfi 8. janúar 1829. Milli Laxárdals og Reykjahverfis er aðeins lágor háls og samskipti voru mikil þarna á milli. Foreldrar Arngríms voru Gísli Gíslason (Skarða-Gísli), skáld og bókbindari á Skörðum, og fyrri kona hans Guðrún Guðmundsdóttir frá Kasthvammi í Laxárdal. Í Kasthvammi búa nú Þveræingar. Á Skörðum (Skarðaborg) býr nú skyldfólk Víðisa austan af Héraði.

MARGRÉT

Fyrri kona Arngríms var **Margrét** Magnúsdóttir saumakona á Akureyri. Greind kona og ágætlega verki farin (3). Þau hjón bjuggu í húsmennsku á ýmsum stöðum í S-Þingeyjarsýslu. Margrét lést árið 1868 á Auðnum, af völdum taugaveiki. Hún er grafin í Þverárkirkjugarði. Af börnum þeirra komst upp dóttirin **Nanna Sofía** (1854), síðar kona Benedikts Jónssonar frá Stóru-Völlum í Bárðardal, en þau fóru til Vesturheims 1883, og farnaðist vel. Gott var á milli Arngríms og Nönnu, meðan hún var á Stóru-Völlum, og gerði hann sér iðulega ferð þangað.

Guðný Jónsdóttir, systir Jóns ríka og móðir Herdísar Ásmundsdóttur húsfreyju á Þverá, konu Jóns Jóakimssonar kirkjusmiðs, giftist Benedikt Indriðasyni á Stóru-Völlum eftir lát Ásmundar.

Í ævisögu Stephans G. Stephanssonar kemur Arngrímur við sögu, en hann átti erindi í Bárðardal, sbr. ofan. Föðursystir Stephans, og fjölskylda hennar, sem bjó í Mjóadal, ofan við Mýri, fór í kirkju að Lundarbrekku, en kirkja sú var byggð með Þverárkirkju að fyrirmund (20). Stefán (Stephan), sem nú var vinnumaður í Mjóadal, slóst í för. „Kannski så hann Arngrím málara í fyrsta sinn, glæsimenni, kvennagull og töframann, sem kenndi fólk „að leita fegurðar og finna fegurð í hversdagslífinu“, rétt eins og rómantísku skáldin. Hann batt bækur, málaði myndir, lék á flautu og fíolín, fínn í tauinu og orti kvaði. Nanna litla, dóttir hans, fylgdi honum, „fögur eins og nýútsprungið blóm, létt og fjörug eins og fiðrildi“. Þau feðgin voru oft á höfuðbólínu Stóru-Völlum þar sem bjó einn leggur Mýrarættarinnar, afkomendur Guðnýjar Jónsdóttur [og áður er nefnd], systur Jóns ríka“ (Sjá 19). Þveræingar eru því af Mýrarætt (sjá um tónlistargenið í 26).

Stóru-Vellir voru menningarheimili. Þar voru m.a. til 3-4 fiðlur. „Yfirleitt voru þar yfir tuttugu manns í heimili“ (19). Fyrir Ameríkuferðir (ca. 1875) voru iðulega 30 manns í heimili (27).

ÞÓRUNN

Þórunn hét kona, fædd 1844, og var dóttir sr. Hjörleifs Guttormssonar og Guðlaugar Björnsdóttur konu hans. Þegar hér er komið sögu var Hjörleifur prestur á Skinnastað í Kelduhverfi. Þangað fluttist Þórunn með foreldrum sínum. Og þar kynntist hún ung Arngrími Gíslasyni, er hann vann við að mála og fegra kirkjuna á Skinnastað, sumarið 1863. Arngrímur og Þórunn urðu ástfangin, en Arngrímur var kvaðtur maður, og hvarf aftur heim að svo búnu. Hann snéri þó aftur 1-2 árum síðar og barnaði

Þórunni, sem eignaðist dótturina **Önnu Stefaníu**, í lausaleik, 1866. Ekki varð úr frekari kynnum milli Þórunnar og Arngríms í bili, en þau gleymdu ekki hvor öðru. Litla stúlkan lést í byrjun árs 1869.

Þórunn Hjörleifsdóttir var systur Petrínu, ömmu Kristjáns Eldjárn forseta, föður Þórarins Eldjárn rithöfundar og skálds. Henni er lýst svo, að hún hafi verið sterk og hugdjörf kona, gædd lífsgleði og trúartrausti og góðvild og kærleika til alls og allra. Hún hafði líknarhendur, eins og móðir hennar, lærði ljósmóðurfræði og gerðist yfirsetukona, eins og móðir hennar, og gegndi því starfi í Svarfaðardal, framundir hálfu öld, við mikla tiltrú og vinsældir (3, 22). Um þórunni má lesa sérstaklega í (23, 24 og 25). Sjá heimildaskrá.

En þórunn er ekki ennþá komin í Svarfaðardal. Árið 1869 giftist hún Þórarni snikkara Stefánssyni á Skjöldólfss töðum í Jökuldal, en hann lést réttu ári síðar. Barn þeirra sem upp komst var Guðlaug Þórunn. Ekkjan Þórunn fluttist frá Skjöldólfss töðum til föður síns 1871, en hann var þá kominn að Tjörn í Svarfaðardal í Eyjafirði.

Sr. Hjörleifur var skólabróðir og vinur Jónasar Hallgrímssonar skálds. Hann bjó undir lokin á Völlum í Svarfaðardal, eftir að sonur hans tók við Tjörn. Þá var sr. Hjörleifur frændi Bergljótar, síðari konu Jóns Jóakimssonar kirkjusmiðs, og áður er getið. Hjörleifur þessi er því fjarskyldur frændi allra Víðisa í gegnum Halldóru, bróðurdóttur Bergljótar. Séra Guttormur, faðir sr. Hjörleifs, var bróðir Jóns vefara Schiöld. Til að setja söguna í samhengi, má benda á, að Jón J. Víðis landmælingamaður og Kristján Eldjárn forseti voru frændur í fimmta lið, enda settist Hjörleifur að í Svarfaðardal, eins og áður segir. Hjörleifur og kona hans Guðlaug áttu sjö börn sem upp komust, auk Þórunnar. Eitt þeirra var Petrína Sofíía (1850-1916), sem áður er nefnd, og giftist Kristjáni Eldjárn Þórarinssyni. Þau áttu Þórarin, föður Kristjáns forseta.

Minnst var á Jón J. Víðis. Hann fæddist á Þverá árið 1894. Á þverá stendur Jónssteinn, en hann var reistur til minningar um Jón árið 2009 (17).

SIGRÍÐUR

Þá eignaðist Arngrímur barn árið 1875, milli kvenna, með ungri ekkju frá Halldórlss töðum í Laxárdal, **Sigríði** Þórarinssdóttur, en ekki giftist hann henni, enda er talið að hennar fólk hafi verið því mótfallið, vegna þess hversu lítill áhugi Arngríms var á búrekstri. Dóttir þeirra var skírð **Júlíá** og var sögð einkar fríð (3). Júlíá lést úr tæringu aðeins 16 ára að aldri.

Halldórsstaðir eru næsti bær við Þverá. Á Halldórlss töðum kynntist Þóra Sigurðardóttir (Þóra Egyptafari) Lizzie söngkonu og fór með henni til Skotlands. Þóra var systir Halldóru Sigurðardóttur, sem giftist Jóni Þveræingi Jónssyni, syni Jóns Jóakimssonar kirkjubóna á Þverá. Halldóra var á Þverá eftir að hún missti foreldra sína fyrir austan, og var þar í skjóli Bergljótar Guttormsdóttur föðursystur sinnar, seinni konu Jóns Jóakimssonar (15, 21).

ÞÓRUNN AFTUR

Arngrímur og Þórunn voru ekki búin að gleyma hvoru öðru. Hann leitaði hana uppi 1875. Hann birtist í Svarfaðardal og giftist æskuást sinni árið 1876. Sagan segir að þau hafi skrifast á og komið sér saman um að hittast, hún ekkja og hann ekkill (3). Sagt er að séra Hjörleifur hafi komist svo að orði í kirkjunni að „loksins, loksins lýsist til hjónabands með Þórunni Hjörleifsdóttur og Arngrími Gíslasyni“ (22).

Arngrímur festi ekki yndi heima í Þingeyjarsýslu eftir lát Margrétar, en eftir að hann kom í Svarfaðardal, og var kominn í fang Þórunnar, róaðist hann og hætti öllu „ferðaslangri“. Áhugi Arngríms snérist nú um tónlist og málralalist. Hvort tveggja stundaði hann í sinni heimasveit. Ekki er

hægt að skilja sögu Arngríms á annan veg, heldur en að hjónaband hans og Þórunnar hafi verið gott. Eins og áður kemur fram var Þórunn þroskuð og greind kona. Börn þeirra eru talin hér að neðan.

Eftir að Hjörleifur hætti prestskap á Tjörn tók Kristján Eldjárn, tengdasonur hans, við af honum. Kona hans var Petrína, systir Þórunnar. Þetta eru afi og amma Kristjáns forseta. Kristján og Petrína studdu vafalítið við bakið á Arngrími og Þórunni, þar sem þau bjuggu á sömu lóð.

BÖRN ARNGRÍMS

Börn Arngríms voru andvana fæddur drengur (1853), *Nanna Soffía* (1854-1932) og *Júlia Guðrún* (1856-1859) með **Margréti** Magnúsdóttur; *Anna Stefanía* (1866-1869) með **Þórunni** Hjörleifsdóttur; *Júlia* (1875-1891) með **Sigríði** Þórarinsdóttur; *Petrína Soffía* (1876-1896) kona Baldvins Baldvinssonar vesturfaraagents, *Angantýr* búfræðingur og verslunarstjóri á Þingeyri (1879-1965), *Björg* (1881-1956) kona Jóhanns Sigurðssonar í Seli á Árskógsströnd, og *Nanna* (1884-1908) með **Þórunni**, sem hann var nú kvæntur.



Arngrímur Gíslason og Þórunn Hjörleifsdóttir (3)

MARGT TIL LISTA LAGT

Arngrímur lærði rennismíði í Reykjavík og síðar bókband (til sveinsprófs) hjá föður sínum og Grími Laxdal á Akureyri. Arngrímur batt m.a. inn mikið af bókum fyrir Jón Jóakimsson á Þverá. Hann var völundur í hverri handverksgrein sem hann snerti, þótti snemma dráthtagur og stundaði myndlistarnám hjá Sigurði Guðmundssyni málara í Reykjavík. Arngrímur lærði tónfræði og lék á fiðlu og flautu. Til eru allmörg nótnahandrit og lagasöfn með hendi Arngríms, og ljóst er að hann hefur verið ein aðaldriffjöðrin í þeirri bylgju tónlistar og hljóðfæraleiks sem hófst í Þingeyjarsýslum á seinni

hluta 19. aldar, og m.a. má lesa um í bók Sveins Skorra um Benedikt á Auðnum (13). Arngrímur var gáfaður, vel að sér, þrifinn, vel klæddur, fallegur og skemmtilegur. Þá þótti hann einnig kvæðamaður góður og í þjóðlagasafni sr. Bjarna Þorsteinssonar er ein stemma höfð eftir honum. Þarna átti Arngrímur ýmislegt sameiginlegt með Jóni Jóakimssyni kirkjusmið og syni hans Benedikt frá Auðnum, en Benedikt átti einn stærsta kaflann í þjóðlagasafninu (sbr. 16).

Um Arngrím segir Björn Th. Björnsson í riti sínu Íslensk myndlist: „Af alþýðumálurum á síðari helmingi 19. aldar er í raun og veru aðeins einn maður sem verðskuldar listamannsnafn, en það er Arngrímur Gíslason frá Skörðum í Reykjahverfi“ (8).

Arngrímur málaði hús, en einkum kirkjur, m.a. kirkjuna á Skinnastað í Öxarfirði, og áður er getið, en hún er listilega máluð með mikilli rósamálningu. Það má sjá í 22. hefti af Kirkjum Íslands (10). Auk þess málaði hann altarsbríkur, margar altaristöflur og fjölda mannamynda af fólk viðs vegar um landið. Hann málaði skreytingar á þjóðhátíðarsamkomu þingeyinga 1874 og ýmis leiktiold fyrir leiksýningar norðanlands, m.a. fyrir sýningu á Útilegumönnum Matthíasar Jochumssonar á Akureyri.

Vitað er um 10 altaristöflur sem Arngrímur málaði. Tvær af þeim hafa glatast, en átta eru ennþá í kirkjum. Þær eru/voru á eftirtöldum stöðum: Einarsstöðum í Reykjadal (1871 eða 1872), Lundarbrekku í Bárðardal (fyrir 1875 – glataðist þegar kirkjan brann), Miðgörðum í Grímsey (1878), Stærri-Árskógi á Árskógsströnd (1878), **Þverá í Laxárdal** (1879), Upsum á Upsaströnd (1879 – glataðist þegar kirkjan fauk í kirkjurokinu), Urðum í Svarfaðardal (1880 – laskaðist í sama roki), Stykkishólmi (1881), Glæsibæ í Kræklingahlíð (1882) og á Reykjum í Tungusveit (1885) (3, 14).

Í Kirkjum Íslands segir Hjörleifur Stefánsson um Þverárkirkju að „yfir altari sé altaristafla, málverk eftir Arngrím Gíslason. Það er fellt inn í blámálaðan, nokkuð viðamikinn ramma með súlulíki á báðum jöðrum og burst yfir með krossi ofaná. Umhverfis málverkið er gylltur listi. Framan á burstinni yfir málverkinu er upphleyptur hringur, gulur á lit, og inni í honum gotneskt þrílauf“ (10).

Sverrir Haraldsson segir í sömu bók að „altaristaflan sé máluð á lérefht, hæð 112 cm og breidd 84 cm. Hún er eftir Arngrím Gíslason málara (1829-87) og sýnir upprisu Krists þar sem hann kemur íklæddur rauðu klæði út úr grafarhellinum. Tveir varðmenn gæta grafarinnar, annar virðist sofa, en hinn vakir. Engill hefur dregið steininn frá gröfinni. Til vinstri á myndinni er kona sem horfir í grafarmunnann. Í baksýn er Jerúsalemborg. Niðri í vinstra horni töflunnar stendur að hún sé eftir Ch. Vanloo, en hægra megin er hún merkt Arngrími Gíslasyni. Umgjörð er smíðuð af Jóni Stefánssyni trésmið á Akureyri. Matthías Þórðarson segir um töfluna að hún sé lík þeim sem eru í Presthólum og Stærri-Árskógi, en frummynd þeirra allra telur hann að rekja megi til altaristöflu í kirkjunni á Möðruvöllum í Hörgárdal, þeirri sem brann. Matthías segir: „Arngrímur málari braust inn í brennandi kirkjuna og barg málverkinu sjálfu, en skemmdu, fékk að eiga það og gjörði eftir því mynd þá sem hér er““ (3 & 11 í 10. Sjá 14). Kristján Eldjárn telur líklegt að taflan sé gerð 1879 og að Matthías hafi heyrt sögu töflunnar á Þverá (3 í 10). Í lýsingu á Þverárkirkju frá árinu 1880 kemur fram að ný altaristafla hafi verið þöntuð. Árið 1883 er taflan komin í kirkjuna og þykir lagleg (11 í 10).

Í Kirkjum Íslands er þessari neðanmálgrein bætt við um Þverárkirkju: „Altaristaflan er eftirmynnd Arngríms Gíslasonar af málverki eftir franska listmálarann Charles-André van Loo (1829-87) og sýnir upprisu Krists. Tafla Arngríms er líklega gerð árið 1879“ (10). Um töfluna orti skáldkonan Hulda, Unnar Benediktsdóttir Bjarklind, dóttir Benedikts á Auðnum:

Þar yfir altari ljómar
yndisleg, tárfögur mynd,
perla, af handlist hrifin,
úr hugvitsins djúpu lind. (10)



Altaristafla Þverárkirkju.

Áður er minnst á að Arngrímur hafi bundið inn bækur. Það er haft fyrir satt að Arngrímur hafi bundið inn bækur Jóns Jóakimssonar á Þverá, en hann átti gott bókasafn, eins og fram kemur víða, t.d. í ferðasögu Engladingsins John Coles, sem ferðaðist um Ísland sumarið 1881, ásamt tveimur félögum sínum og þremur íslenskum fylgdarmönnum. Arngrímur var til heimilis á Auðnum 1855-1860, þegar foreldrar hans bjuggu þar, svo sem áður er að vikið. Í bók sinni um Arngrím tekur Kristján Eldjárn eftirfarandi upp: „Benedikt Jónssyni frá Auðnum segist svo frá, að Arngrímur hafi oft haldið kyrru fyrir heima á Auðnum, 3-5 mánuði á vetri hverjum, og rekið bókband sitt af því kappi sem honum var lagið, þegar hann var kominn að verki sem átti við skap hans. Meðal annars hafi hann bundið mikið af bókum fyrir föður sinn, Jón Jóakimsson á Þverá“ (3. M.a. sótt í 9).

Auðnir eru byggðar úr landi Þverár og eru næsti bær innan við Þverá í Laxárdal (í suður).

Áskell Jónasson á Þverá hefur ekki flokkað bækurnar á Þverá eftir bandi og veit ekki hvort e-ð af bókum langafa síns rötuðu út af heimilinu. Hann sagði mér að Snorri, sonur Jóns, hafi lært bókband, átt öll verkfæri sem þurfti, og bundið inn bækur á Þverá. Þá hafi faðir hans, Jónas Snorrason, einnig bundið inn bækur. „Sumar bækur hafa gyllingu, aðrar ekki“ sagði Áskell þegar hann leit yfir safnið (18). Nú er það þannig að allar bækur hafa í sér útgáfuár, og má af því ráða nokkuð um það hver batt, vilji menn leita að bókum Arngríms.

Í tali bókagerðarmanna er Arngrími svo lýst að hann hafi verið „vaskur maður, syndur vel. Söngmaður mikill, fiðlari og söngfróður. Drykkfelldur nokkuð“ (5). Mér heyst Kristján Eldjárn vilja draga úr drykkju Arngríms og telja hana hafa snúist f.o.f. um skemmtanir unga fólksins. Líklega hefur hún ekki verið til vandræða eftir að í Svarfaðardal kom.

GULLBRINGA OG ARNGRÍMSSTOFA

Við Tjörn í Svarfaðardal stendur hjáleigan Gullbringa. Arngrímur bjó þar með fjölskyldu sína. Hann reisti sér vinnustofu (1885) við húsið og kallast þar *Arngrímsstofa*. Hún nýtur húsfríðunar og er í umsjá Þjóðminjasafns. Þar eru myndir eftir Arngrím og fróðleikur um listamanninn. Gullbringa var sumarbústaður Kristjáns Eldjárns forseta - og er nú í eigu afkomenda hans (7).

Arngrímur lést úr lungnabólgu, 58 ára gamall, 21. febr. 1887, heima hjá sér í Svarfaðardal. Hann ofkældist á ferð sinni heim frá Möðruvöllum, þar sem hann vann að gerð portrettmyndar í olíu af Guðrúnú Hjaltalín skólameistarafrú (22). Séra Kristján Eldjárn Þórarinsson jarðsöng. Húskveðja hans og líkræða eru undirstaða heimilda er varðar mannlýsingu listamannsins og hug samtíðarmanna til hans (22). Þórunn fluttist yfir að Tjörn, til sr. Kristjáns og Petrínu, systur sinnar.

HEIMILDIR OG SKÝRINGAR

1. *Merkir Íslendingar*. Mbl. í mars 2015. Varð kveikjan að þessari samantekt. Þátturinn er stuttur og þess er ekki getið sérstaklega þegar vitnað er í hann.
2. *Wikipedia*. Ekki getið sérstaklega. Þar er m.a. ágætur þáttur um sr. Hjörleif, tengdaföður Arngríms.
3. *Arngrímur málari*. Kristján Eldjárn forseti. Iðunn í Reykjavík, 1983. Margt af því sem hér er sagt er sótt í þessa bók, þótt þess sé ekki alltaf getið sérstaklega. Ég mæli með því að sem flestir lesi þessa bók. Hún er svoltill dýrgripur. Myndin sem ég birti af Arngrími og Þórunni er fengin að láni úr bók Kristjáns. Tekin á Akureyri af Önnu Schiöth, líklega ekki löngu fyrir andlát Arngríms.
4. *Tjarnarkirkja 100 ára, 1892-1992*. Hjörtur E. Þórarinsson, bróðir Kristjáns, skrifaði bókina. Sóknarnefnd Tjarnarkirkju gaf út 1992. Ekki er getið um tilvitnanir sérstaklega, en Wikipedia sækir bæði í þessa bók og í bók Kristjáns Eldjárn.
5. *Bókagerðarmenn* (bókbindarar, prentarar, offsetprentarar, prentmyndasmiðir) frá upphafi prentlistar á Íslandi. Útg. af félögum þeirra í Rvk. 1976.
7. *Ísmús* (ismus.is). Íslenskur músík- og menningararfur. Þar má sjá mynd af Gullbringu og Arngrímsstofu.
8. *Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld, I bindi*. Björn Th. Björnsson. Reykjavík, 1964.
9. *Íslandsferð*. Íslensk þýðing á ferðasögu Englendingsins Johns Coles um Ísland sumarið 1881 ásamt tveimur félögum sínum og þremur íslenskum fylgdarmönnum. Á ensku heitir bókin *Summer Travelling in Iceland* og kom út í Lundúnum 1882. Íslandsferð var gefin út af bókaútgáfunni Hildi 1964 og endurprentuð 1988. Lesa má lýsingu Johns á Þverárheimilinu í grein Jóns Hálfdanarsonar um Þverárkirkju, en hana má finna á heimasiðu minni. Þar kemur fyrir þessi lýsing á Þverárheimilinu: „Jafnast á við það sem sjá má á góðbúum á Englandi.“
10. *Kirkjur Íslands*. Friðaðar kirkjur í Þingeyjarprófastsdæmi II. 22. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag gaf út. Margir aðilar koma að safninu. Margir sitja í ritnefnd. Hjörleifur Stefánsson ritar um Þverárkirkju, en Sverrir Haraldsson á Hólum í Reykjadal um gripi og áhöld kirkjunnar. Reykjavík, 2013. Á síðunni marvidar.com má sjá þessa frábæru lýsingu á Þverárkirkju og umhverfi hennar (skönnun). Ég hvet þó sem flesta til að eignast þessa bók.
11. *ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/23. Þverá*, 3. júní 1880.
12. *Þverárkirkja*. Ágæt 9 síðna samantekt Jóns Hálfdanarsonar um kirkjuna í nútíð og þátíð. Febr. 2014. Sjá marvidar.com.
13. *Benedikt á Auðnum*. Sveinn Skorri Höskuldsson. M&M í Rvk. 1993. Hreinasta djásn.
14. Sums staðar má lesa að Arngrímur hafi málað altaristöflu á Presthólum, sem er þó ekki getið hér í upptalningunni yfir þær 10 altaristöflur sem Arngrímur málaði. Þar er átt við kirkjuna á Skinnastað. Þannig var að árið 1907 var Presthólaprestakall lagt niður og sóknin lögð til Skinnastaðar. Kirkja var þó byggð á Snartarstöðum, rétt við Kópasker. Presthólar í Núpasveit eru sunnan við Snartarstaði, en

norðan við Skinnastað í Öxarfirði. Altaristafla sú, sem vitnað er til, er í kirkjunni á Skinnastað. Þetta má lesa í 22. bindi af Kirkjum Íslands, en þar er fjallað um Skinnastað (rétt eins þverárkirkju). Þar segir að altaristaflan sé eftirlíking af kvöldmáltíðarmynd Leonardo da Vinci og sé ómerkt. Eins og greint er frá hér að framan dvaldi Arngrímur á Skinnastað og málaði kirkjuna. Annað hvort sá hann myndina og málaði eftirmynnd hennar handa Grímseyingum, eða hann málaði báðar. En um það vitum við ekki.

15. Um *Póru Egyptafara* má lesa í grein Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings, frænda Víðsa að austan. Sjá marvidar.com.

16. Bjarni Þorsteinsson. *Íslensk þjóðlög*. Kaupmannahöfn 1906-1909.

17. *Jónssteinn*. Lesa má um Jónsstein á marvidar.com.

18. Þá hafði ég góðan aðgang að Áskatli Jónassyni á Þverá.

19. *Landneminn mikli - ævisaga Stephans G. Stephanssonar* e. Viðar Hreinsson. Reykjavík, 2002.

Viðar vitnar í bókina „Bóndinn á Stóru-Völlum, ævisöguþættir Páls H. Jónssonar 1860-1952“ eftir Jón Sigurðsson á Ysta-Felli (27). Sami Jón á Ysta-Felli skrifaði, árið 1965, bókina „Sigurður á Ysta-Felli og samtíðarmenn“ (um föður sinn). Í þeiri bók er mikið sagt frá Þveræingum og þar í er myndin góða sem Jakob Hálfdanarson tók af Jónasi Snorrasyni, Jóni J. Víðis og mér - framan við gamla bæinn á Þverá, sumarið 1962. Til eru eintök af þeiri mynd handlituð af Jóni J. Víðis.

En hvað var Stefán Guðmundsson (Stephan) að gera í Bárðardal? Föðurfólk hans var úr Eyjafirði, en móðurfólk úr Skagafirði. Þannig var að Sigurbjörg Stefánsdóttir, föðursystir hans, giftist Jóni Jónssyni III á Mýri, af Mýrarætt. Sá var barnabarn Jóns ríka á Mýri. Sigurbjörg og Jón bjuggu í Mjóadal, uppaf Mýri. Þangað var Stefán sendur, 17 ára, eftir að foreldrar hans gáfust upp á baslinu sem leiguliðar í Skagafirði. Sjálf fluttu þau að Mýri og voru þar vinnufólk. Guðný Stefánsdóttir, systir Guðmundar og Sigurbjargar, giftist Jóni Ingjaldssyni á Stóru-Völlum. 3ja systirin (hálfsystir) átti fyrst barn með Jóni, manni hálfsystur sinnar, en giftist síðan Kristjáni Ingjaldssyni á Mýri. Kom Jón ekki að Mýri eftir það. Föðurfólk Stefáns var flutt í Bárðardalinn – og það inní fjölskyldur Þveræinga (Herdísar Ásmundsdóttur).

20. Sjá *Þverárkirkja í Laxárdal lagfærð 2011-2016*. Skýrsla mín um viðgerðirnar. Sjá marvidar.com.

21. *Þverárheimilið í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu*. Grein Halldóru Bjarnadóttur, að mestu eftir umsögn Herdísar Benediktsdóttur. Hlíð, 38. árg. 1956. Má lesa á marvidar.is.

22. *Kristján Eldjárn ævisaga*. 400 síðna bók eftir Gylfa Gröndal. Forlagið gaf út 1991. Þetta er afskaplega skemmtileg og fróðleg bók um þennan merkamann. Gylfi getur ekki alltaf heimilda, en það gerir ekkert til. Saga Arngríms fléttast inn í sögu Kristjáns.

23. Faðir Kristjáns Eldjárns, Þórarinn Kristjánsson Eldjárn, bóndi og kennari á Tjörn, ritaði þátt um Þórunni Hjörleifsdóttur í ritverkinu *Íslenskar ljósmæður*. Þeir sem vilja kynnast Þórunni betur geta snúið sér þangað.

24. *Tjarnarplásturinn*. Þórunn Hjörleifsdóttir, eiginkona Arngríms, var ljósmóðir og kunni ýmislegt til lækninga. Hún bjó til plástur, sem hún hafði lært að gera af móður sinni. Þekkingin færðist milli kynslóða, en virðist hafa týnst með tilkomu fúkalyfja. Hallgerður Gísladóttir ritaði grein í Læknablaðið árið 2000, um plásturinn og Þórunni Hjörleifsdóttur. Það má biðja mig um þessa grein.

25. *Minningarorð um Þórunni Hjörleifsdóttur ljósmóður*, frá Skinnastað í Axarfirði. Eftir Sesselju Kr. Eldjárn, föðursystur forsetans, í Hlíð, ársriti íslenskra kvenna, 35. árg. Útgefandi og ritstjóri: Halldóra Bjarnadóttir, Akureyri. Prentverk Odds Björnssonar hf MCMLIII (1953). Það má biðja mig um þessa grein.

26. *Tónlistargenið*. Ég tók saman grein um tónlistargenið í Mýrarætt, þ.e. í afkomendum Guðnýjar Jónsdóttur á Mýri. Arngrímur þræddi höfuðból Mýrarmanna, svo sem Þverá og Stóruvelli, þar sem tónlist var höfð í hávegum. Sjá marvidar.com.

27. *Bóndinn á Stóruvöllum*. Ævisöguþættir Páls H. Jónssonar 1860-1952. Jón Sigurðsson á Ystafelli skráði. Norðri, 1953. Sjá (19). Þarna er sagt frá dvöl Arngríms á Stóruvöllum og áhrifum hans á

heimilisfólk, sérstaklega hvað varðar tónlist, smíðar, uppfindingar, vandvirkni og flott föt. Benedikt, bróðir Páls, kvæntist hinni fögru Nönnu Arngrímsdóttur. Þau fluttu að lokum til Ameríku.

Már Viðar Másson/2015/2016.08.17